

Þýska – 1C05

Námsáætlun, vorönn 2022

Kennari/kennarar:

Bernd Hammerschmidt

Netfang/netföng:

bernd.hammerschmidt@borgo.is

Lýsing:

Kröfur áfangans samsvara hæfnisprepi A1/A2 í Evrópska tungumálarammanum. Unnið er markvisst með og byggt á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Áfram er unnið með færniþættina fjóra (lestur, hlustun, tal og ritun) og að aukinni færni nemenda í þeim. Textar lengjast og þyngjast smám saman, aukið er við orðaforða jafnt og þétt og ný málfræðiatríði kynnt til sögunnar og æfð. Unnið er áfram með grunnþætti tungumálsins en stuðst í meira mæli við annars konar efni s.s. myndefni, mismunandi texta, verkefni o.fl. Sérstök áhersla er lögð á menningu og staðhætti þýskumælandi landa og vinna nemendur verkefni tengd menningu og landafræði. Auknar kröfur eru gerðar um sjálfstæð vinnubrögð t.d. við verkefnavinnu, lestur, notkun orðabóka, notkun internetsins og e.t.v. smáforrita.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans
- ólíkum textagerðum og muni á töluðu og rituðu máli
- grundvallarþáttum málkerfisins
- framburðarreglum og tónfalli
- mannlífi, menningu, staðháttum, siðum og samskiptavenjum í þýskumælandi löndum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni og fylgja almennum munnlegum fyrirmælum
- lesa fjölbreyttari gerðir texta, greina aðalatriði frá aukaatriðum og vinna úr textunum á mismunandi hátt

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla á tiltölulega einfaldan hátt, munnlega og skriflega, um efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á og tjá jafnframt eigin skoðanir og persónulega reynslu
- bjarga sér á þýsku við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum
- tileinka sér aðalatriði í frásögnum og mismunandi tegundum texta

Þýska – 1C05

Námsáætlun, vorönn 2022

Námsmat:

50%* (3 hlutapróf – 10 / 15 / 25)

10%* Munnlegt próf

8 % Orðaforði

8 % Tímaritanir ekki hægt að skila ritunum eftir á – Stuttar ritanir með jöfnu millibili í tímum.

Geymdar í kennslustofunni. (nokkrar yfir önnina)

8 % Hlustanir (4 og 3 bestu gilda)

8 % Lesskilningur (4 og 3 bestu gilda)

8 % Munnleg verkefni (2 verkefni)

Til að standast áfangann þarf að lágmarki að fá einkunnina 4,5 í lokaeinkunn. Skylda er að taka öll próf sem eru stjörnumerkt, en þau gilda samanlagt 60%. Þetta er til að tryggja jafna ástundun alla önnina og að nemendur tileinki sér grunnþætti málsins og geti notað þá til að öðlast nauðsynlega færni og leikni í að beita tungumálinu.

Ekki er hægt að vinna upp verkefni áfangans í lok annar.

Óútskýrð fjarvist á prófi gefur einkunnina 0. Á prófdegi verður að vera búið að skrá veikindi eða leyfi áður en tími hefst til að eiga rétt á endurtekt.

Námsgögn:

Starten wir, Kursbuch og Arbeitsbuch – **báðar bækur ónotað frá og með kafla 8** - Nemendur eiga mæta með bækur í tíma.

Lausblaða mappa fyrir verkefni og glósur.- nemendur mæti með möppur í tíma – setja skal verkefni þar inn í jafnóðum

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að **mæta með kennslubækur í tíma**, annars verður þeim vísað úr tíma og fá F.

Öll tækjanotkun bönnuð nema kennari taki annað fram.

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustund.

Nemendur með **sérparfir** eru beðnir að tala við kennara strax í fyrsta tíma (veikindi, árekstrar, þátttaka í íþróttum, annað)

Nemendur sem fara í keppnisferðalög sem leyfi er veitt fyrir af hálfu skólans, verða að láta kennara vita **með góðum fyrirvara. Kennari má ekki gefa leyfi.**

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á Innu.

Kennari mun setja upplýsingar um yfirferð / próf / verkefni inn á Innu.

ekki mæta í tíma án þess að hafa kynnt ykkur hvað verður í tímanum hverju sinni.

Mæti nemandi ekki í tíma ber hann ábyrgð á að tileinka sér efnið sem hann missti af. Upplýsingar verður að finna undir „heimavinna“ á Innu.

Þýska – 1C05

Námsáætlun, vorönn 2022

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	3-7. janúar	Lesskilningur, hlustun, ritun, orðaforði – <i>dreift yfir önnina</i>	(40%)
2	10-14. janúar	Lektion 8	
3	17.-21. janúar	Lektion 8	
4	24-28. janúar	Lektion 8	
5	31. jan-4. febrúar	Upprifjun Test 1 + Lektion 9	1. próf (10%) *
6	7-11. febrúar	Lektion 9	Skóhlífadagar
7	14-17. febrúar	Lektion 9	Varða I Vorannarhlé
8	21-25. febrúar	Lektion 9	
9	28. febrúar-4. mars	Upprifjun Test 2 + Lektion 10	2. próf (15%) *
10	7-11. mars	Lektion 10	Valdagur
11	14-18. mars	Lektion 10	
12	21-25. mars	Lektion 10	Varða II
13	28. mars-1. apríl	Lektion 11	
14	4-8. apríl	Lektion 11	
15	11-19 apríl	PÁSKALEYFI	
16	20-22. apríl	Lektion 11	Námsmatsdagur Sumard. fyrsti
17	25-29. apríl	Lektion 11	
18	2-6. maí	Wiederholung	3. próf (25%) *
19	9-13. maí	Mündliche Prüfung	Munnlegt (10%) *
20	16-20. maí		Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.